



Sjúkradagpeningar, framfærsla og samspil við önnur kerfi

Guðný Björk Eydal, MSW, PhD., prófessor við Félagsráðgjafardeild HÍ
Ingunn Lára Magnúsdóttir, MA-nemi í félagsráðgjöf
við Félagsráðgjafardeild HÍ



Guðný Björk
Eydal



Ingunn Lára
Magnúsdóttir

Í þessari grein verður fjallað um sjúkradagpeninga, sem nú eru 2.440 kr. á dag. Fjallað verður um þessa sérkennilegu stöðu í nútíma velferðarkerfi og hvernig samspili sjúkradagpeninga og annarra kerfa er háttað. Greinin er byggð á niðurstöðum BA-ritgerðar Ingunnar Láru Magnúsdóttur sem hún vann undir leiðsögn Guðnýjar Bjarkar Eydal prófessors. Ritgerðina má lesa á vef Háskóla Íslands, *Skemmunni* (Ingunn Lára Magnúsdóttir, 2023).

Réttur til launa vegna veikinda

Launþegi sem verður óvinnufær vegna veikinda á rétt á launum samkvæmt lögum um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla nr. 19/1979. Rétt er að geta þess að í flestöllum tilfellum eiga þessi lög einnig við um launafólk á almennum vinnumarkaði. Þó getur verið munur á fjölda veikindadaga þeirra sem starfa fyrir hið opinbera og þeirra sem starfa á almenna vinnumarkaðnum en slíkt er bundið í kjarasamninga og er hið opinbera með mun ríkari veikindarétt (Alþýðusamband Íslands, e.d.; Fjársýslan, e.d.). Í 4. gr. laga um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla nr. 19/1979 er kveðið á um að launþegar sem ekki geta stundað vinnu vegna slysa við vinnu, á beinni leið til eða frá vinnu eða vegna atvinnusjúkdóma sem verða vegna vinnunnar eigi að fá greidd dagvinnu-

laun í allt að þrjú mánuði. Er þá miðað við taxa samkvæmt gildandi kjarasamningi.

Þegar búið er að fullnýta veikindarétt til launa getur viðkomandi sótt um dagpeninga úr sjúkrasjóði síns stéttarfélags og sjúkradagpeninga frá Sjúkratryggingum Íslands til viðbótar. Meginreglan er að launþegi sé eins settur fjárhagslega og fyrir óvinnufærnina (Alþýðusamband Íslands, e.d.). Tilgreint er í kjarasamningum hvernig útfærsla veikindaréttar er háttað. Stefán Ólafsson (1999) bendir á að það getur fylgt því góð vernd að hafa átt reglulegan starfsferil en þau sem hafi átt óreglulegan starfsferil eða glímt við langtímaveikindi búi við minna öryggi.

Sjúkradagpeningar Sjúkratrygginga

Það er einkum við langvarandi veikindi sem fólk þarf að nýta réttindi sín í sjúkrasjóði viðkomandi stéttarfélags og sækja um sjúkradagpeninga. Sjúkradagpeningar eru einnig greiddir fólki sem ekki hefur verið á vinnu- markaði, staðfesti læknir að viðkomandi sé ófær að fullu til heimilisstarfa. Þau sem hafa verið heima- vinnandi eða í hálfu starfi eða minna fengu árið 2023 hálfá sjúkradagpeninga, 1.122 kr. á dag. Þau sem hafa verið í fullu starfi (starfi/námi/bótum frá VMST sem nemur fullu starfi) fengu 2.244 kr. á dag auk 616 kr. fyrir hvert barn. Engar skýringar er að finna á þessum upphæðum, ekki er vitað á hverju þær byggjast eða fyrir hvaða kostnaði þær eru hugsaðar. Guðmundur Björnsson ræddi í Skírni árið 1909 hugmyndir um að sjúkrasamlög greiddu dagpeninga í veikindum og lagði þá til að þeir yrðu 2/3 af verkamannalaunum svo „engin myndi hliðra sér frá vinnu til að fá dagpeninga“ (Guðmundur Björnsson, 1909, bls. 117). Ljóst er að sú hætta hefur ekki skapast og að upphæðir sjúkradagpeninga eru langt frá því sem ætlað var í upphafi.

Það er ekki hægt að fá greidda sjúkradagpeninga ef fólk fær greidd laun eða aðrar bætur, að undan-



skilinni fjárhagsaðstoð sveitarfélaga (Sjúkratryggingar, e.d.a). Fólk þarf að vera óvinnufært í þrjár vikur áður en það getur sótt um og þá er greitt frá 15. veikinda-degi. Hægt er að greiða alls í 52 vikur á 24 mánaða tímabili. Sjúkratryggingum er einnig heimilt að ákveða greiðslu í allt að tvo mánuði til viðbótar ef ljóst þykir að umsækjandi verði annaðhvort vinnufær eða hægt verði að meta örorku hans.

En hvernig er þá framfærsla þeirra sem sækja um sjúkradagpeninga hugsuð? Á vefsíðu Sjúkratrygginga má lesa eftirfarandi: „Sjúkradagpeningar greiðast til þeirra sem eru óvinnufærir að fullu vegna eigin veikinda eða slysa. Sjúkradagpeningar eru lægri en lágmarks-laun, til að ná framfærsluviðmiðum þarf einnig að sækja um sjúkradagpeninga stéttarfélags eða fjárhagsaðstoð sveitarfélags“ (Sjúkratryggingar, e.d.a). Það er þó ljóst að lengd réttindatímabils til sjúkradagpeninga stéttarfélaga er ekki í takt við það tímabil sem hægt er að fá greidda sjúkradagpeninga frá Sjúkratryggingum og því í raun verið að vísa sjúklingum á að sækja um framfærslu sveitarfélags ef um langtímaveikindi er að ræða. Greiðslur sjúkradagpeninga stéttarfélaga eru einnig háðar ýmsum skilyrðum um vinnslu réttinda og þær eru skilyrtar með ýmsum öðrum hætti. Sem dæmi má taka sjúkrasjóð BHM. Þar getur félagsfólk fengið lengst greitt í fjóra mánuði samtals og hverjum sjóðfélaga eru að hámarki greidd tvö sjúkradagpeningatímabil á 10 ára tímabili. Það má því gefa sér að greiðslur sjúkradagpeninga frá stéttarfélögum séu úrræði sem eru hugsuð til skamms tíma og flest þurfi að sækja um fjárhagsaðstoð til sveitarfélags ef um langtíma veikindi er að ræða.

Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga

Lengst af var fátæktaraðstoð sem hreppar veittu einu bætur sem einstaklingar og fjölskyldur áttu rétt á. Þessi aðstoð var þarfamiðuð, þ.e. spurt var um aðstæður og tekjur viðkomandi áður en hún var veitt. Þá voru líka ýmis mannréttindi skert ef fólk þáði af sveit (Guðný Björk Eydal og Halldór S. Guðmundsson, 2012). Með lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga frá árinu 1991 var sú löggjöf nútímavædd að hluta til og í 1. gr. laganna er kveðið á um skyldu félagsþjónustu sveitarfélaganna til að „tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa á grundvelli samhjalpar“. Þó eimir enn eftir af áherslum hinnar gömlu fátæktarlöggjafar, t.d. á einstaklingur sem er í hjónabandi eða sambúð ekki rétt á aðstoð nema að gengið hafi verið úr skugga um að maki sé ekki með tekjur yfir því lágmarki sem hvert

sveitarfélag setur. Löggjöfin er rammalöggjöf og sveitarfélögin ráða sjálf reglum og upphæðum.

Með öðrum orðum: Um fjárhagsaðstoð gilda allt önnur viðmið en um almannatryggingar sem byggjast á rétti **hvers einstaklings** til framfærslu. Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga er þarfamiðuð og tekið er mið af tekjum maka ef fólk er í hjónabandi eða skráðri sambúð. Þá eru t.d. einnig reglur hjá Reykjavíkurborg um að ekki megi greiða fjárhagsaðstoð fólki sem eigi eignir umfram bíl og íbúð til eigin afnota. Fjárhagsaðstoð er neyðaraðstoð og ekki hugsuð sem langtíma framfærsluúrræði. Upphæðir hennar eru mun lægri en lægstu laun. Sjúklingar bera oftast en ekki ýmsan kostnað vegna veikinda sinna og hafa því alla jafna hærri framfærslukostnað en almennt gerist. Þá er ljóst að mjög mörg sem fá greidda sjúkradagpeninga eiga maka sem hafa tekjur og þær þurfa ekki að vera háar til að hjón/sambúðarfolk eigi ekki rétt á aðstoð. Í Reykjavík árið 2023 var hámarksupphæð fjárhagsaðstoðar fyrir einstakling 228.689 kr. og hjón/sambúðarfolk 365.902 kr., þannig að ef maki er t.d. lífeyrisþegi er ólíklegt að réttur til fjárhagsaðstoðar sé fyrir hendi. Fólk sem fær greidda sjúkradagpeninga og er í hjónabandi eða sambúð er þannig sett í þá stöðu að geta ekki framfleytt sér en þurfa að treysta á framfærslu maka, sem er þvert á niðurstöður hins svokallaða öryrkjadóms þar sem áhersla var lögð á stjórnarskrárbundinn rétt hvers einstaklings til að geta framfleytt sér og gengið í hjónaband. Í dómsorði sagði m.a. „Það að flytja lögbundinn rétt öryrkja skv. 76. gr. stjórnarskrár yfir á maka öryrkja og gera öryrkja algjörlega háðan maka sínum fjárhagslega gengur gegn yfirlýsingum um réttindi fatlaðra og er brot á ákvæði stjórnarskrár um jafnrétti og stjórnarskrárvarinn rétt til aðstoðar vegna örorku, enda telst það, að geta gengið í hjúskap að vissum skilyrðum fullnægðum, hluti almennra mannréttinda og eðlilegs lífs. Með vísan til framanritaðs er fallist á þá dómkröfu stefnanda að viðurkennt verði með dómi að stefnda hafi verið óheimilt að skerða tekju-tryggingu öryrkulífeyrisþega í hjúskap“ (Tryggingastofnun Íslands g. Öryrkjabandalagi Íslands, 2000).

Samspil kerfanna?

Því miður hefur ekki verið gerð rannsókn á högum fólks sem sækir um sjúkradagpeninga frá Sjúkratryggingum og því er lítið vitað um aðstæður þess. Árið 2022 fengu 2.690 einstaklingar greidda sjúkradagpeninga frá Sjúkratryggingum. Ekki kemur fram í ársskýrslu Sjúkratrygginga hversu marga daga þau fengu að meðaltali greidda (Sjúkratryggingar, e.d.b.). Sama ár fengu 8.523 heimili fjárhagsaðstoð héraendis, en ekki liggja fyrir



tölur um atvinnustöðu viðtakenda fyrir árið 2022. Þær eru nýjastar til fyrir árið 2019 og þá voru viðtakendur fjárhagsaðstoðar alls 5.620. Þar af voru sjúklingar 1.741, eða 31% allra þeirra sem fengu fjárhagsaðstoð. Það er því ljóst að stór hópur þeirra sem eru óvinnufær vegna veikinda sækir um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga sér til framfærslu og líklegt að flest þeirra sæki einnig um eða hafi fullnýtt rétt sinn til sjúkradagpeninga hjá stéttarfélögum og hjá Sjúkratryggingum. Eins og áður var nefnt hafa aðstæður þeirra sem sækja um sjúkradagpeninga ekki verið rannsakaðar en brýn þörf er fyrir slíkar rannsóknir.

Umræða

Upphæð sjúkradagpeninga Sjúkratrygginga dugar ekki fyrir lágmarksframfærslu og því er fólki sem þá fá greidda vísað til sveitarfélaga sem greiða framfærsluástoð til viðbótar ef tekjur maka viðkomandi fara ekki yfir viðmiðunarmörk og önnur skilyrði sveitarfélagsins eru uppfyllt. Kerfið virkar því í raun þannig að fólk sem er óvinnufært vegna veikinda eða slysa þarf að framfleyta sér, oft til lengri tíma, á fjárhæðum sem ekki eru hugsaðar til langtímaframfærslu enda um neyðaraðstoð að ræða.

Markmið nútímavelferðarkerfa er að tryggja sjúklingum skjól og vernd, þar með talið framfærslu. Það að glíma við langvarandi veikindi er nægjanlega erfitt þó ekki bætist við áhyggjur og streita vegna eigin framfærslu eða fjölskyldu. Talsvert hefur verið rætt um það meðal fagfólks hversu illa stutt bóatímabil endurhæfingarlífeyrisferfisins og óvissa um niðurstöður umsókna styður bata og endurhæfingu. Það sama á auðvitað við um fólk með sjúkradagpeninga, það hefur væntanlega flest glímt lengi við sinn sjúkdóm eða er í mjög erfiðum aðstæðum og því þyrfti að tryggja framfærslu þess með mun markvissari hætti en nú er gert. Ætla má að öryrkjadómurinn frá árinu 2000 eigi einnig við um aðra hópa, að öll eigi rétt á sjálfstæðri framfærslu og því sé það ekki í samræmi við lög að ætla mökum fólks með sjúkradagpeninga að sjá því fyrir framfærslu, fái það ekki viðbótargreiðslur frá sínu sveitarfélagi. Nú stendur yfir endurskoðun á örorku- og endurhæfingarlífeyri en mikilvægt er að huga við þá vinnu vel að samspili kerfa svo tryggja megi framfærslu fólks sem glímir við langvarandi veikindi.

Heimildaskrá

- Alþýðusamband Íslands. (e.d.). *Veikindaréttur*. <https://www.asi.is/vinnurettarvefur/vinnurettur/rettindi-og-skyldur/veikindi/veikindarettur/>
- Fjársýslan. (e.d.). *Veikindaréttur*. <https://island.is/veikindarettur>
- Guðmundur Björnsson. (1909). Um sjúkrasamlög. *Skírnir*, 83, 100–121. <https://timarit.is/page/2006930#page/n19/mode/2up>
- Guðný Björk Eydal og Halldór S. Guðmundsson. (2012). Frá fátæktarhjálpi til félagsþjónustu. Í Guðný Björk Eydal og Stefán Ólafsson (ritstjórar). *Þróun velferðarinnar 1988–2008* (bls. 166–183). Félagsvísindastofnun HÍ.
- Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.
- Lög um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla nr. 19/1979.
- Ingunn Lára Magnúsdóttir. (2023). *Samspil sjúkradagpeninga og fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga : Hvers vegna þarf óvinnufær einstaklingur að sækja um neyðaraðstoð til lengri tíma?* [BA-ritgerð]. Skemman. <https://skemman.is/handle/1946/43586>
- Sjúkratryggingar. (e.d.a). *Sjúkradagpeningar – framfærsla í veikindum*. <https://island.is/sjukradagpeningar-ramfaersla-i-veikindum>
- Sjúkratryggingar. (e.d.b) *Sjúklinga- og slysatryggingar*. <https://app.powerbi.com/view?r=eyJrIjoiMDk2ZDU0NGUtYWU1Yi00MDMzLWJiODctOWI1ZmQwYmY3NTkzIiwidCI6IjE2NGEzMDZkLTBhNjgtNDVhZC05ZjA3LTZmMTgwNDQ0N2NkNCIsImMiOiJh9>
- Stefán Ólafsson. (1999). *Íslenska leiðin: Almannatryggingar og velferð í fjölþjóðlegum samanburði*. Tryggingastofnun ríkisins.
- Tryggingastofnun ríkisins g. Öryrkjabandalagi Íslands. Hæstiréttur Íslands í máli nr. 125/2000. <https://www.haestirettur.is/default.aspx?pageid=0f2f6428-7b6a-11eb-947c-005056bc0bdb&id=c1c6c69b-ad72-4612-9238-74cb4701d929>